

Sþ.

10. Tillaga til þingsályktunar

um varnir gegn dýrtíðinni í landinu.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að safna nú þegar, með aðstoð íslensku sendisveitanna í Englandi og á Norðurlöndum, nákvæmum skýrslum um kaup og kjör verkamanna, iðnaðarmanna og starfsmanna ríkis og bæja í Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Englandi. Jafnframt þessu skal í sömu löndum safna heimildum um söluverð á innlendum markaði á allri framleiðslu til daglegra þarfa, svo og um jarða- og húsaleigu, skatt til ríkis og bæja af venjulegum þurftartekjum, svo og aðra liði, sem hafa áhrif á laun, kaupgjald og dýrtíð í framangreindum löndum. Þegar ríkisstjórnin hefur fengið í sínar hendur þessar heimildir, skal finna meðaltal af kaupgjaldi og launum við almenn störf í landinu, svo og meðaltal á dýrleika framleiðsluvaranna í landinu, og leitast við með samningagerð og löggjöf að koma á sem allra fyrst hér á Íslandi því skipulagi, að laun, kaupgjald og söluverð á íslenskri framleiðslu innanlands verði í jafnhæð við samskonar útgjöld í framangreindum fjórum grannlöndum.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á öndverðu þingi 1946. Hún var miðuð við, að þing og þjóð vildi feta niður dýrtíðarstigann og geta keppt við nábúalöndin um heilbrigða framleiðslu. Á þeim tíma voru kommúnistar í landsstjórninni og mörkuðu stefnu Alþingis í málinu. Ríkið gekk í ábyrgð, sem mun kosta landssjóð allt að 50 milljón-króna á þessu ári. Með þeirri ráðabreytni var hægt að fresta göngunni niður stigann um nokkra mánuði. En nú er svo komið, að ekki verða samin fjárlög eða siglt fram hjá gjaldþrotskerinu, nema með því að lækka laun, kaup og afurðaverð á sama hátt og þessir liðir hækkuðu, þegar dýrtíðin var að myndast. Meðan forráðamenn þingsins trúðu á síhækkandi dýrtíð, mátti segja, að það væri óþarft að vita um ástandið í dýrtíðarmálum þeirra þjóða, sem við verðum að keppa við, enda var tillaga þessi vandlega svæfð í fyrravetur. Nú verður óhjákvæmilegt að láta þjóðina vita um þann gífurlega mun, sem er á tilkostnaði við framleiðsluna og stjórn ríkis og bæja hér á landi í samanburði við grannlöndin. Eftir fáa daga liggur við borð, að til framkvæmda komi allsherjar atvinnustöðvun í landinu, af því að þjóðin er ósamþykk um, hvað rétt sé að greiða fyrir unnin störf og framleiðslu. Íslenzka þjóðin hefur engar glöggar heimildir um ástand dýrtíðarmálanna í þeim löndum, sem raunverulega ráða því að leikslokum, hvaða lífskjör menn verða að sætta sig við á Íslandi. Við getum ekki lifað eyðslumeira lífi en hinar Norðurlandþjóðirnar og Bretar. Ef við reynum þann hættulega leik að eyða meira en við öflum, mun krónan verða að fimmeyringi, líka gagnvart annarri mynt, og þjóðin sett undir fjármálaeftirlit einhverrar valdameiri þjóðar. Þá mun kaup og kjör verða fært niður í hlutfalli við það, sem landið framleiðir af verðmætum, og mundi þá lítt farið eftir óskum þeirra, sem mest hafa verið til fyrirstöðu eðlilegri lausn dýrtíðarmálsins á undangengnum árum. Það má sjá fyrir stefnu og strauma í dýrtíðarmálinu á því, hvort þjóðin fær að vita hið sanna um samkeppnishæfni Íslendinga í framleiðslumálum, miðað við keppinauta, eða hvort reynt verður, eins og hingað til, að leynd þjóðina þeim voða, sem yfir henni vofir, ef hún varðveitir ekki frelsi sitt og sjálfstæði í atvinnumálum.